



## Bréfa- og málasafn 1953

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Dómsmálaráðherra – Utanríkisráðherra – Bréf – Eggert - Gunnar  
Bjarnason - Jón Sigurðsson - Bréf frá móður vegna kvennafundar B-listans - 1953

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnsmálamaðurinn  
Askja 2-13, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Gunnar Bjarnason

kennari

Ráðunautur Bfl. Ísl. i Hrossarækt

Hvanneyri, 27/1, 1953.

Herra Bjarni Benediktsson  
utanríkisráðherra  
Reykjavík.

## Góði kunningi.

Mig langar til að biðja þig að gera mér greiða. Nú í næsta mánuði verður haldið 2. ~~Yngling~~ smáhestaframleiðenda, að þessu sinni í Edinborg. Búnaðarfélagið og landbúnaðarráðuneytið eru búin að ákveða, að ég fari á þingið, og fór það allt fram að þessu sinni stórsandalalaust, þótt Páli mínum Z. sé ekki vel við þetta brölt, þar sem ég á í hlut. En málefnið nýtur vaxandi athygli og ég býst við, að þessi fundur verði talsvert athyglisverður, því að sambandið hefur rótað mikið upp á þessum málum s. 1. 2 ár, þótt starfsemi þess hafi gengið skrikkjótt. Er þar verst að eiga við samstarfsferfiðeika þjóðanna, sérstaklega milli Englendinga og Þjóðverja. Einnig erum við illa séðir af ýmsum eldri Evrópusamtökum í búfjárrækt. Á þinginu geta orðið nokkrar deilur og vandamál til úrlausnar. Þú baðst Arna Siemsen að aðstoða mig í Köln um árið, og var ~~þ~~ mér afar mikill styrkur og hjálp þá. Nú langar mig til að biðja þig um sams konar aðsoð, og í því sambandi vildi ég athuga, hvort þú mundir ekki vilja skrifa Sigursteini Magnússyni, ræðismanni í Edinborg, og biðja hann að vera mér hjálplegan á fundinum, sem verður haldinn 23-28 febr. næstkví. Þetta ætti ekki að vera kostnaðarsamt, þar sem hann á heima á staðnum. Menn, sem þekkja Sigurstein, hafa ráðlagt mér að fara þessa leið, að biðja þig að hafa milligöngu í málínu. Hann kvað vera ágætlega fær og sá bezti, sem ég gæti fengið mér til stuðnings, andlegs styrks, einnig vegna discussiona, því að þótt ég kunni allvel ensku, þá hef ég aldrei í Englandi fvalið og er ekki sérlega duglegur að skilja menn, sem tala mállískur eða eru hraðmæltir. Mér þætti mjög vænt um, ef þú vildir gera þetta fyrir mig. Það má teljast heiður fyrir Búnaðarfélagið, að vísindanefnd þessa þings (undirbúningsnefnd) sem skipuð er frægum vísindamönnum s. s. Professor James Ritchie og Prof. Speed skuli hafa skrifað félaginu og beðið það um að senda mig með ræðu um fjárhagslega þýðingu smáhestins í framtíðarpróun landbúnaðar í Evrópu til þímsins. ~~Nótt~~ verður, og skal ég síðar senda þér eintak af ræðunni, ef þú hefðir ánægju af að kynna þér viðhorf þessa máls, sem er ekki alveg ómerkilegt, begar á það er litið frá fræðilegu sjónarmiði.

Loks leystist verkfallið- þausn til bráðabirgða. Ertu mér ekki samála um, að þessi mál þurfi heilbrigðari og réttari grundvöll, ef hægt á að vera að byggja heilbrigða fjármálapróun í landinu?

Nú er farið að ræða um "tillögur Sjálfstæðismanna í stjórnarskrármálínu". Tillögurnar hafa kannske verið ræddar í flokksráði, þótt ég hafi ekki um það vitað. Mér finnst, að svona stórmál þurfi að byggja upp á þann hátt, að flokksráðið taki fyrst afstöðu um höfuðdrættina, og þannig verði sköpuð nokkur einföld grundvallaratriði í fáum liðum, t. d. 4 aðalsjónar-

# Gunnar Bjarnason

kennari

Ráðunautur Bfl. Ísl. i Hrossarækt

## Hóanneyri,

mið. Án þess að flokksmenn viti um afstöðu flokksins, verði svo flokksrá mönnum og öðrum erindrekum flokksins fakið að kanna viðhorf flokksmanna almennt til málanna og vinna að samstöðu um þau, einnig meðal utanflokksmanna úti um landið. Síðan, eftir að málið er orðið málefni fólksins, að því er því finnst sjálfu, þá finnst mér, að flokkurinn eigi að riða á vaði með túlkun þess og baráttu fyrir því. Þetta er sjálfsagt erfitt í föfum, en ég lít á, að svona verði flokkar að vinna: skipulega, hnytmiðað og með ~~þ~~aginni~~þ~~agíatorfískri forystu. Starfsmiðstöð flokksins ætti að vera staðsett utan þéttbýlis. Þar geta menn unnið, án þess að hugsunin verði lömuð vegna annríkis. Ég vinn tvöfalt meira hér en ég gerði í Rvík, en, eftir því, sem mér sjálfum finnst, hugsa ég miklu meira og get lesið miklu meira og kynt mér málefni betur. Síminn er versti sálarbani Reykvíkinga.

Ég er að miklu leyti sammála réðum þínum um stjórnarskrármálið, en þó ekki í einum, og þó veigamiklu, atriði. Maður sér oftast bezt agnúana á því, sem maður er sjálfur kunnugastur. Mér bykir andstyggilegt að vinna í einmenningskjördæmi og öfunda hina, sem hafa tvímennings-eða stærri kjördæmi. Ég er því hlynntari stórum kjördæmum eins og nú stendur. Ég held, þótt ég hafi ekki gert mér far um að grennslast sérstaklega eftir því, að Sjálfstæðismenn séu hlynntari hlutfallskosningum en óhlutbundnum í einmenningskjördæmum. Byggi ég þessa skoðun mína meðal annars á því, að

1) flokkurinn hefur nú í 2 áratugi haft hlutfallskosninga í félagsmálum fyrir baráttumál, og mjög lofsungið það fyrirkomulag. Þetta málefni var á sínum tíma eitt af veigamíklum atriðum þess, að ég vildi fara inn í baráttulið flokksins. Mér finnst það réttlátt fyrirkomulag og lýðræðislegt og leiða til samstarfs, jafnvægis og slæva óbilgjarnan áróður.

Þótt samstarf við aðra flokka kunni að vera mjög erfitt, þá er ég sannfærður um, að Sjálfst. fl. hefur unnið mest á vegna samstarfsins við hina flokkana. Áróður þeirra gegn floknum hefur bilað, því að reynslan hefur sýnt fólkini, að stjórnarfarið er minna háð flokksstefnum en það hélt, og að dugandi stjórnarar, hvar í flokki, sem þeir standa, ráða mestu um þróun þjódmálanna. Hitt er ljóst, að mikill fjöldi íslendinga er af pólitískri skoðun andvígari okkar stefnu en þeirri vinstri. Við byggjum fylgi okkar svo mikið á fólk, sem með aldri og aukinni reynslu í lífinu hefur yfirgefið vinstri-sjónarmiðin af slæmri reynslu meira en af lífsviðhorfsbreytingum. Okkar styrkur liggr, að ég held, mest í því, að fólkio lítur á okkur sem frijálslyndan flokk með hæfa foringja.

Ef hinir fengju nógu góða menn til framkvæmda, sanna Sjálfstæðismenn í forystu sína, þá gætu þeir molað okkur.

2. sem er afleiðing af hinu, sem áður er sagt: Sjálfstæðisfólkio er minna baráttufólk en kjósendar hinna flokkanna. Því stærri, sem kjördæmin eru, því minni áhrif hafa kosningakúgararnir og mútararnir, því minna geta kaupfélagsstjórnar beitt sér, ef á annað borð verzlunin er frjáls í kjördæminu, en ekki alger einokun, eins og t. d. nú er á Austfjörðum.

Þá vil ég benda á ~~þ~~atriði í sambandi við kjördæmamálið, sem ég tel ~~ss~~skileg:

1. Landinu sé skipt í 6 kjördæmi: Reykjanes (landnám Ingólfss), Vesturland

# Gunnar Bjarnason

kennari

Ráðunautur Bfl. Ísl. i Hrossarækt

Hóvanneyri,

(frá Hvalfirði að Gilsfirði), Vestfirðir, Norðurland (frá Hrútafirði að Gunnólfsvíkurfjall), Austurland (þaðan að Skeiðará) og Suðurland.

2. Kjördæmin hafi þingmannafjölda í hlutfalli við kjósendarfjölda, og þingmenn alls verði ekki ~~fleiri~~ fleiri en 50, en ég er alveg sammála því, að eftir ákveðnum reglum í lögum breytist sjálfkrafa fjöldi þingmanna í kjördæmum eftir breyttum aðstæðum og fólksfjölgun, svo að réttlátt hlutfall haldist.
3. Þingmenn hafi fasta búsetu og atvinnu í kjördæmum sínum. Það ætti að vera auðvelt, þegar kjördæmin eru svona stór.
4. Ég legg mikla áherzlu á, að ekki sé gerður greinarmunur á þingmönnum bæja annars vegar og sveita hins vegar, heldur sé hvert kjördæmi landshluti, án nokkurrar aðgreiningar á bæjar- og sveitapingmönnum. Þetta atríði yrði áreiðanlega okkur Sjálfstæðism. til haðsbóta.


Þetta eru höfuðsjónarmið þau, sem ég hef tekið eftir talsverða yfir vegun um mál, og ég held, ég verði nokkuð stífur á meininguðni, nema rök og mannvít geti kennt mér betur.

Þá vil ég að síðustu aðeins minnast á mál, sem mér finnst vera að efla í sér vándkvæði á ýmsa lund. Það er landvarnarmálið. Undarlega margir eru orðnir mjög andvígir Atlantshadsbanadlaginu, eða páttöku okkar í því og varnarsamningnum. Gamla hlutleysisstefnan frá 1918 er mikið að færast í aukana. Tortryggji til Bandaríkjanna fer einnig í vöxt, og menn hræðast af skipti þeirra af innahöldum okkar. Ég hef heyrt hér þær raddir, að bezt væri að fá samning við Bandaríkin um greiðslu allra skulda og fram-laga, neyðarsamning og afslátt, ef nauðsynlegt væri, og geta svo kvatt þá án minnimáttarkenndar.

Ég vildi segja þér frá þessu. Það er oft erfitt að átta sig á, hvernig mál snúast, og mér finnst skylda míð að segja ykkur frá þeim veðrabrigðum, sem þið þurfið að snúast við og haga seglum eftir á hverjum tíma.

Óska þér svo alls góðs.

Pinn einlægur,



17. Via Maraschin  
Schio Italia

27/8 - -

Hérri vinnur  
Mæs gottli leitt, að fara frá Lælandi  
an fess at geta katt þig, og konur  
þina - og þau hadd ykkun fyrir Skarðslega  
Samvernsbund hýr ykkun vor. . . Það það  
var ekki hvar dædaspaist vid Róma, munu  
tíl þín í Hjörnarráði - sorr eigin kurtreytis-  
heimstórunna búa . . .

Eg se i blöðnum að þui og fæsetum  
hafði tekið a miði Shalska Lundin.  
Herkaga flito - og að haun falar

halda heini afan launalaust eins  
og fardum — því eg heit ad menningar  
þjóður skylda, at þat er helu límingis  
krízunarleya vid lígum at græða a.  
þjórum — heldur vuna vinathu leirsa  
líning — og audga okkur af felst —  
ingu og unseldum — við manari  
kýrni — petthaf hef eg gett her, og  
og mun halda ít ad gera —  
helma — pratt fyri þau cultarlaum sem Ríkis lupa  
vefur mei — en sem eg marsborga med  
þessu menningartarfi — og  
Ísland þar austi græði a. —  
petthaf er vina bef tel þen — líkhi officiellt  
eg man þin talastu við mig um  
háðum launanna — og her, Þalur  
er mi allt afar dyrt — en þó þen fataði  
hafa þen halett all eftirlaun — og allt  
fari lög til vísinda — og lista — — —  
þat öðrum til eftirlæmis — — —  
Heilsa þenn agastu komi — gaman  
ven at spá yfirlaun her hja' okkur — — —  
Hvermgren, Lofud og leg. Nu skrifa eg bara greinan fyrir  
Þalur i Vísu — og utrap — — — (med heilla óslauðum  
fim og eggst  
Meitthöf til Lahta biong i bofle jötun  
et d' boug I b'g St. Paußoy

Mikilur um að aukla meumuna -  
Vengslur milli Þala- og Glendings.  
Nu þathi með geman að koma  
márt Foseturinn eftir fari - hafsi  
fratt hann um að eg hef  
i faldar aðr ummitt venu  
að eftir þettað samband -  
Með útvarps ennum í Íslandi  
og Grænlandi í flórum - - -  
Óg eins lehra í Þalum  
Glensfar snyallar grænar um  
Ísland. - En líklega hefur  
sír upplýsingarstafseum  
Gleymot. - Óg mun þó

5.

öllast skýrslini sem heimilar honum  
atkvíðar liegubefriðar til mannaflutnings  
þitast i greinum stendur.  
Dómsmálaráðherra setur nánari reglu  
um kennslu og gjöf lifseila og gora  
hláðið að auk fyrgreindra  
að kilyrðar skuli sennið versta at  
fai liggildingar dómsmálaráðunarsíðins  
til þess að meiga við kennslu i  
lifreiðar atkvíði.

Óg að hlaðið að bætta meira um þóttu  
því er veit at þis atkvíði fyrir fyrst  
þessar og eyðona og fraysti þer til að  
gera þið besta í þessar fyrir mið, og  
ig fari að vita um þekktar vís þið fyrsta  
Lækið feri.

Hellum er allt semilegt að friða  
trúarfarið fremur hagskrátt og hornit  
miðan gras. Hellufar mannfolksins

6.

Hefjir ekki verið góð til minnst la kosti  
ekki síðla verðar, og þau mangljaner  
öðruvísi en vestilegt hefjil verið, og vistur  
um það at ef ekki veri vist er fásteika  
at sáhildar þá vori ekki heldur sigrus  
meins at fá.

Ég ætla at býrja þig að skila kenni  
kvæðir til Gunnars Helgasosar  
erindreks, frá með ég hittí hann lísir  
s. t. verður þegar ég var þarna að ferd.

Met beste trouwijn  
Pimpi vzw

Jim Petersson  
4/23/03

Hannaford

Mbl. vildi ekki birta.

Eg var eins og fleiri stödd á kvennafundi þeim, sem forkólfar B-listans  
boðuðu til um daginn. Það sem mesta eftirtekt vakti á fundinum var þegar dóms-  
málaráðherrann sagði, að i kynferðismáli hér í bænum hefði sonur eins heldri  
borgarans orðið sekur, og þrátt fyrir það að komið hefði verið til sín og hann  
beðinn að hlífa manninum, þá skyldi það ekki verða gert, því að nú væri sá tím  
þegar allir væru jafnir fyrir lögunum. Ráðherrann gat eigi um það við hvern  
hann stetti, né fór neitt nánar út í málið, og get eg því eigi um það dæmt, hvort  
framkoma ráðherrans í því er réttmælt, en sjálfsagt vilja allir, og þó einkum  
meður, sem opin augu hafa fyrir velferð barna sinna, að gengið sé fram með  
fullu réttlæti gegn þeim, sem uppvísir verða að ofbeldis og saurlifisverkum.

I sambandi við orð ráðherrans rifjaðist upp fyrir mér meðferð máls, sem  
mikið umtal vakti á sínum tíma, og nú nýlega er orðið almenningi aðgengilegt  
með Hæstaréttardómum fyrir árið 1929.

Hefði eg verið vön að taka til máls á opinberum fundum mundi eg á þessum  
fundu hafa minst á framkomu yfirvaldanna í þessu máli, því að hjá sumum þeirra  
er hún svo svívirðileg að einsdæmi eru, sem betur fer.

Með þessu á eg við nauðgunarmáli það, sem upptök sín átti í prastarskógi  
24. júlí 1927, þegar piltur einn úr Ölvesinu réðist á stúlkuna héðan úr Reykjavík.  
Stúlkan kærði strax yfir afbrotinu, en þegar kom til kasta dómarans í  
Árnессýslu hr. Magnúsar Torfasonar rekst hún á hvern örðugleikann á fætur  
öðrum, því að þessi dánumaður sýnist hafa gert alt það sem í hans valdi stóð  
til að losa hinn seka undan réttmætri ákæru og hegningu. Fyrst fær hann stúlkuna  
til að ganga inn á sætt í málín, gegn því að pilturinn greiddi stúlkunni  
300 krónur og auk þess 50 krónur í málskostnað. Þen þegar stúlkan áttaði sig  
á málín, þá vildi hún eigi sætta sig við þessi úrslit, og neitaði að taka við  
peningunum. Dómarinn hefur þó orðið mjög seinn á sér til að taka upp venjulega  
neðferð málsins, og það er fyrst síðari hlutann í febrúar 1928, að mál er  
þófðað gegn piltinum, og 4. júni sama ár er svo dómurinn kveðinn upp.

Með honum var hinn ákærði dæmdur sýknaka. Málinu var áfrýjað, og með dómi hæstaréttar er pilturinn dæmdur 19.april 1929 í 18 mánaða betrunarhús vinnmu.

Betta var þá gangur málsins í stórum dráttum, en nú vildi eg frara út í einstök atriði þess nkkru nánar. Eg vil samt strax taka það fram, að þessari grein minni er ekki beint að pilti þeim, sem í betta ólán rataði og nú vant-anlega hefur bætt fyrir brot sitt með refsingu, heldur að framkomu yfirvaldanna og þá einkum hr. Magnúsar Torfasonar.

Það er þá fyrst að athuga, að hr. M.T. stlar að koma á satt í málinu. Mér er nú sagt, að dómara sé ekki heimilt að leita sáttu í þessum málum, sáttahemildirnar nái allsekki til svo stórfelds afbrots sem hér er um að raða. Þnnfremur hefur mér verið sagt af lögfræðingi, að það sé beinlinis hegningarvert af dómara, að stuðla að slikum málalokum, og benti hann mér í því sambandi á 132. grein hegningarslaganna. Þar stendur meðal annars betta: "Ef að embættismaður, sem er í því embatti, að hann á að stula til (þess) að halda uppi hegningarvaldinu, lætur af ásettu ráði farast fyrir að hefja málsókn út af hegningarverðu verki"....., þá varðar það einföldu fangelsi eða embættis missi, eða sektum ef málsbatur eru, ef að verkið að öðru leyti ekki er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því." Þó að eg sé ekki lörlorð sýnist mér augljóst, að hr. Magnús Torfason hafi með satt þeirri, sem hann vildi koma á í málimu og þannig hindra frekari framgang þess, brotið ~~þessu~~ þessa lagagrein. Lögfræðingurinn, sem eg talaði við sagðist hiklaust telja betta lagabrot hjá dómaranum, en vildi þó eigi fullyrða hvað aðrir kynnu að álíta um það, en það verð eg að segja, að eitthvað er skilningur þeirra lærðu ólikur viti alþýðunnar ef slikt framferði dómara er eigi hegningarvert.

Hr. M.T. létt sér ekki nægja að reyna að kefa málið, heldur sýknaði hann piltinn algerlega, þegar hann loksns neyddist til að dæma í málinu. Þg hefi nú lesið dóm hr. M.T. og get eg ekki betur séð en í honum liggi nægar(rök-stuðningar) fyrir þverfugri niðurstöðu við það, sem hr. M.T. komst að. Treysti eg mér samt ekki til að deila við hr. M.T. um hvert vit sé í hugsanagangi sjálfs hans, enda mundi það verða mér of erfitt viðfangsefni, samkvæmt því

sem eg hefi heyrt og séð til þess manns yfirleitt. Eg lát mér nægja að vitna til dóms hæstaréttar, sem byggir á sömu rannsóknum og fyrir hr. M.T. lágu, þegar hann kvað upp sinn dóm og hr. M.T. ~~þ~~<sup>\*</sup> mun sjálfur að miklu leyti hafa afloð. Mér hefur stið skilst, að hin öruggasta sönnun í hverju máli væri eigin játning hins ákærða um sök sína. Um þetta segir svo í dómi hæstaréttar: " Ákærði hefur og undir rannsókn málsins viðurkent fyrir löggregluréttinum, að hann hafi felt þ. (nafni stúlkunnar slept) niður, lagst ofan á hana og falast eftir samraði við hana, en hún (hafi) neitað því og hötað að kæra hann, ef hann slepti sér ekki, enn fremur, að þ. hafi eftir að hann feldi hana í fyrstu komist einu sinni undan honum, en hann þá felt hana aftur og lagst ofan á hana á ný, að þ. hafi hljóðað að minsta kosti 2+3 sinnum, en hann (hafi) tekið fyrir munn henni, að hún hafi klórað hann og ~~kík~~<sup>bitið</sup> ...." Jafnframt er rétt að taka það fram, að stúlkan segist frá upphafi hafa neytt allra krafta sinna til að sleppa undan piltinum, og <sup>1</sup> segir hæstiréttur ekki ástaðu til að vefengja þann framburð hennar, enda sannar framburður piltsins, að hún hefur farið með rétt mál.

Allar þessar upplýsingar, og vil eg þar einkum benda á játningu piltsins, lágu fyrir hr. M.T., þegar hann kvað upp dóm sinn. Samt segir hann í forsendum dóms sins: " En hins vegar má telja fullvist, að hann ( hinn ákærði ) hefur ekki beitt hana ( stílkuna ) eiginlegum hörkutökum, ~~eftir~~ vitnisburðum þeirra beggja, ekki einu sinni í fyrri lotunni. Þá er ekki unt að verjast því, að þ. hafi gefið kærðum talsvert tilefni til að halda, að hún væri ekki frá-hverf samlagi við hann og að mótspryrna hennar, eftir að karður feldi hana í síðara sinnið, hafi reynst merkilega lítil.

Virðist því gegn afráttarlausri og stöðugri neitun karðs, sem er óharðn-aður unglingsur (f. 17.febrúar 1907), einfaldur, ógreindur og óreyndur sveitapiltur, varúðarvert að telja sannað, að hann hafi með ofbeldi þróngvað stúlkunni til samraðis við sig, og það því fremur sem framburður þ. í sumum

\* Leturbreyting gerð af mér.

pað

atriðum er ekki laus við að vera tortryggilegur, en í því efni kemur til greina. að ssing hennar burfti að minsta kosti ekki eingöngu, að stafa af atvikum í sambandi við sjálft samræsið, jafn ómannleg og aðbúo kærðs var við hana, sérstaklega, er hann hljópst frá henni."

Eg vil strax biðja menn að veita því athygli, að hr. M.T. segir ákerða afdráttarlaust og stöðugt hafa neitað því, sem hastiréttur telur hann aftur 'a móti hafa viðurkent í prófum málsins, þó engin ný próf hafi farið fram í millitiðinni.

Það hryllilegt, að sjá þann hugsunarhátt, sem kemur fram hjá sextugum dómaramum,. Honum finst það sem sé nægilegt tilefni fyrir óharðnaðan tvit-  
honum  
ugan sveitapilt að álita, að ung, ókunnug stúlka sé eigi fráhverf samlagi við hann, þegar hún á förnum vegi matir honum og biður hann að vísa sér leið til samþerðafólks hennar, sem hann hafði þóst sjá þar úti í skógi. Og ekki nóg með það, að dómaramum finnist þessi skilningur piltsins trúlegur, heldur finst honum það "merkilega lítil" móttæða hjá varnarlausri stúlkuna, að hún bítur og klórar ofbeldismanninn, kallar hvað eftir annað á hjálp og veitir mōra mótsprynu..

I stað þess að veita stúlkunni sámalega vernd lætur dómariinn sér sama að dréttu að henni lauslasti, þrátt fyrir það, að það upplýstist fyllilega í málinu, að hún var óspjölluð af karlmönnum, samkvæmt vottorði héraðslaknisins í Reykjavík.

Framkoma dómarsans, hr, Magnúsar Þorfasonar, í þessu málí er það mesta svívirðingarhögg í garð okkar kvenna, sem eg hefi nokkurn tíma séð. Höaggið er reitt af góðamaranum í Árnессýslu, manninum, sem metur sakleysi óspjall- aðrar meyjar til peninga, 300 krónur vildi hann hafa upphæðina.

Nú mun lesarinn spyrja af hverju mér hafi dottið þetta mál í hug, þegar eg heyrði ummæli dómsmálaráðherrans á kvennafundinum. Það var af því, að mér fanst ráherrann hafa með afskiftum sínum af hr. M.T. sýnt, að honum er ekki svo óljúft sem hann lætur, að lögin séu ekki látin ganga jafnt yfir alla.

Ef lögin gegju jafnt yfir alla, af hverju hefur dómsmálaráðherrann þá

ekki látið höfða mál á hendur hr. M.T. fyrir svo augljóst embattisbrot, sem hann hefur hér framið. Með því að láta það mál kyrt liggja hefur dómsmálaráðh. gert sig samsekan dómaranum.

Þá er það líka kunnugt, að dómsmálaráðhe rann og hr. M.T. hafa upp á síð-kastið verið hinir mestu samherjar í stjórnálum, enda kvað hr. M.T. vera helstur ráðgjafi dómsmálaráðherrann i allri löggjöf og löggaslu. Þegar ráðherrann stlaði sér í vetur að leggja niður hestarétt, mun það hafa verið meining hans að setja hr. M.T. dómara í hinum nýja dómstóli~~x~~, sem í staðinn átti að koma. Í vetur var það opinbert leyndarmál, að ráðherrann lagði ~~nánntaki~~<sup>ofur</sup> kapp á, að hr. M.T. yrði áfram forseti sameinaðs þings, og þannig helsti fulltrúi þings og þjóðar við hátiðina, sem í hönd fer. Þetta var eftir að upp var kominn framkoma hr. M.T. í þessu máli. Þannig vill ráðherrann frekar verðlauna en hegna þeim, sem löggin brýtur og fótum treður rétt lítilmagnans.

Nú vil eg spyrja ykkur, íslenskar konur og karla:

Viljið þið stuðla að pingkosningu dómsmálaráðherrans, mannsins, sem sá engan hæfari, sem sösta fulltrúa landsins á þjóðhátiðinni, en dómarann, sem metur sóma dætra ykkar, að minsta kosti ef þær eru úr Reykjavík, á þrjúhundruð krónur?

Móðir.